

verðmestu eignir sínar fyrir 1961. Afgangurinn af eignum Picassos féll síðan í hlut annarra erfingja.

Þar var Paulo fremstur í flokki. Olga, móðir hans, hafði ekki gert erfðaskrá og því gat hann krafist helmings alls þess sem Picasso hafði unnið fyrir og áskotnast eftir 1918, þegar þau Olga gengu í hjónaband. Þótt þau hættu að búa saman árið 1934 skildu þau aldrei samkvæmt lögum. Að beiðni föður síns árið 1954 hafði Paulo samþykkt að gera ekki kröfu í eignir Picassos en eftir andlát hans var hann hins vegar í fullum rétti að gera tilkall til þeirra.

Þegar allt var upp talið gat Paulo því búist við að fá nærri 75% af eignum föður síns. En ekki var sopið kálið fyrir því. Taka þurfti eitthvert tillit til yngri barna Picassos, Maiu, Claude og Palomu. Fram til janúar 1972 voru þau skráð sem óskilgetin og þar með réttlæs. En í sama mánuði breyttist réttarstaða þeirra til hins betra því þá gengu í gildi ný lög um svokölluð „ástarbörn“ sem kváðu á um það að þau gætu gert tilkall í föður- eða móðurarf, svo fremi þau gætu sannað faðerni eða móðerni sitt. En eins og oft hendur í frönskum lagabókstaf var sitthvað loðið í þessum nýju lögum.

Þaggað niður

Þar var meðal annars tekið fram að „ástarbörn“ ættu að leggja fram sannanir fyrir faðerni innan tveggja ára frá því þau yrðu 21 ára. Einnig segir í lögnum að óskilgetin börn skuli aðeins hljóta helming á við skilgetin hálf systkini sín. Því þurftu þau Maia, Claude og Paloma að sanna faðerni sitt til að fá hlutdeild í þeim 75% sem voru til skiptanna eftir að Jacqueline fékk sitt. Hefðu þau þá fengið 1/8 hvert af umræddum 75%. En Paulo hefði ævinlega setið að 5/8 arfsins.

Þótt reynt væri að þagga niður orðróm um að ekki væri allt með felldu í sambandi við arfleifð Picassos þá fór ekki hjá því að ýmsar upplýsingar rötöðu í blöðin.

Eiginlegur krytur erfingjanna sjálfra byrjaði daginn eftir að Picasso lést, þann 8. apríl 1973. Jacqueline Picasso lét þá þau boð út ganga að hún ætlaði að gefa Louvre-safninu þær myndir eftir aðra listamenn sem Picasso hafði átt. Forsætisráðherra Frakkna, Pierre Messmer, þakkaði ekkjunnin opinberlega. Þótt ekki væri búið að skipta dánarbúi Picassos datt engum í hug að draga í efa rétt ekkjunnar til að gefa þessi verk.

Gjöfin minnkaði

Seinna kom í ljós að strangt til tekið var ekki um gjöf að ræða heldur greiðslu á erfðaskatti. Þegar frá leið fór þessi „gjöf“ minnkandi. Upphaflega talaði Jacqueline um 2-300 verk en á endanum voru þau komin niður í 39 stykki. Einnig má velta fyrir sér hvernig hægt var að ganga frá erfðaskatti meðan ekki var búið að meta eignir Picassos. En franska ríkið virðist hafa séð í gegnum fingur með það atriði sökum mikilvægis Picassos.

Fyrirför sér

Þennan sama dag, 8. apríl, kom sonarsonur Picassos, Pablito, sonur Paulos og Emilienne, til Chateau de Vauvenargues þar sem listamaðurinn lá á líkbörnum og vildi fá að votta afa sínum virðingu sína.

Honum var ekki hleypt inn. Pablito hafði nokkrum sinnum áður reynt að hitta afa sinn og ævinlega verið gerður afturreka af Jacqueline.

Nú varð honum svo mikið um að hann hélt rakleiðis heim til sín, hellti í sig meira en lítra af bleikiefni og var fluttur fárveikur á spítala. Nokkrum vikum síðar lést Pablito. Sama daginn og sonur Paulos reyndi að fyrirfara sér sagði hann opinberlega að aðrir erfingjar skyldu ekki reyna að leita réttar síns fyrir dómstólunum, það hefði illt eitt í för með sér. „Verði þeir með uppsteyt fá þeir ekki neitt,“ sagði hann.

16. apríl bárust fréttir frá Kaliforníu um það að Francoise Gilot, sem þá var gift hinum fræga vísindamanni Jonas Salk, hefði hvatt börn sín til að stefna Jacqueline Picasso fyrir að hafa „gert Picasso afhuga börnum sínum“.

Næsta dag tilkynnti lögfræðingur Paulo Picassos og fjölskyldu hans einnig að skjólstæðingar hans ætluðu að leita réttar síns, þar sem „allt of lengi hefur verið framhjá þeim gengið“.

Óþægir krakkar

Þá kom loks andsvar frá lögfræðingi Jacqueline: „Allir þeir sem þegar hafa lagt fram kröfur ættu að hafa hugföst orð þau sem meistari Picasso viðhafði um slíka aðila: Óþægir krakkar eiga að vera í felum.“

„Óþægu krakkarnir“ höfðu hægt um sig í nokkrar vikur. Þann 6. júní fóru Claude og Paloma fram á að dómstólar könnuðu réttarstöðu þeirra gagnvart Picasso-arfinum.

Lögfræðingur Jacqueline lýsti því yfir að „erfingjar Picassos“ ætluðu annars vegar að gefa myndir annarra listamanna, sem meistarinn hefði átt, til Louvre-safnsins eins og áður er minnst á. Hins vegar ætluðu þeir að setja á laggirnar sérstakt Picassosafn í Chateau de Vauvenargues.

Slíkt safn var á endanum stofnsett í París, eftir tíu ára málalengingar, eins og mörgum er kunnugt.

Samt telja margir þeir sem þekktu Picasso best að hann hafi aldrei haft áhuga á sérstöku safni sér til heiðurs.

Faðerni viðurkennt

Síðan dró Maia sig út úr samfloti með þeim Claude og Palomu, dómstólar neituðu að taka gildar sannanir hennar fyrir faðerni, og Claude og Paloma mótmæltu gjöfinni til Louvre-safnsins sem þau sögðu ólöglega.

Ári seinna tókst þeim Claude og Palomu að fá viðurkennt faðerni sitt og á undanförunum áratug hafa þau smátt og smátt fengið í sinn hlut megnið af því sem þau sóttust eftir. Samt fengu þau engu breytt um Louvre-myndirnar. Claude vinnur fyrir sér sem ljósmyndari en Paloma hefur notið mikillar velgengni sem skartgripahönnuður og samkvæmisljón. Jacqueline býr í Suður-Frakklandi, annaðhvort í Vauvenargues eða Mougins. Paulo býr á vinstri bakkanum í París og lifir á því að selja verk föður síns.

Maia býr í Marseilles og lifir sömu leiðis á því að selja þær Picassomyndir sem henni áskotnuðust eftir margra ára útistöður við Jacqueline og Paulo.

Marina datt einnig í lukkupottinn, lærði ensku, starfar í galleríi öðru hvoru og selur teikningar þegar hana vantar skotsilfur.

Safnaði konum

En hvernig stóð eiginlega á því að ættingjar Picassos fóru svona í hár saman og að franska ríkið sýndi slíka undanlátssemi þegar á reyndi?

Svarið er sennilega að finna í æviferli Picassos sjálf. Hann varðveitti æsku sína með því að safna konum. Hann bjó langa hríð með sjö konum, Fernande Olivier, Marcelle Humbert, Olgu Kokhlovu, Marie-Thérèse Walter, Doru Maar, Francoise Gilot og Jacqueline La Roque, og átti ástarsambönd með fjölda annarra kvenna. Áhugi Picassos á börnum sínum mótaðist af afstöðu hans til mæðra þeirra.

Hann hafði mikla ánægju af börnum sínum meðan þau voru lítil en átti erfitt með að umgangast þau fullorðin því þau voru áþreifanlegur vitnisburður um hrörnun hans sjálf.

Paulo var til dæmis yngri en flestar þær konur sem Picasso var í tyggjum við á efri árum. Picasso málaði fjölda mynda af börnum sínum meðan þau voru ung, en enga af þeim fullorðnum. Börn hans náðu heldur aldrei að kynna innbyrðis.

Þá ber að geta um afstöðu Picassos til peninga. Þótt hann væri ekki ör-látur að eðlisfari gat hann verið stórgjöfull þegar sá gállinn var á honum. Hann gaf ástkonum sínum íbúðir, börnum sínum og barnabörnum dýrar gjafir og vandalausum gaf hann málverk, teikningar og keramik í stórum stíl.

Refur í fjármálum

En hann gat líka verið refur í fjármálum, vel meðvitaður um mikilvægi sitt á alþjóðlegum myndlistarmarkaði. Sjálfur sagðist hann aldrei



brúka peninga, bara nafn sitt. Hann greiddi klæðskera sínum með teikningum, ráðskonu með skissum og einni portrettmynd árlega og hann borgaði fyrir sig á veitingahúsum með því að rissa upp mynd af nautati á borðdúkinn.

Picasso naut þess að þurfa ekki að nota peninga og var meinilla við það þegar einhver bað hann um lán.

Þegar Paulo var á þritugsaldri kom hann til föður síns og bað hann um peninga til að fjárfesta í bílaverkstæði. „Ef þú hefur svona mikinn áhuga á bílum þá geturðu verið bílstjóri hjá mér,“ svaraði faðir hans. Þar sem Paulo var allslaus átti hann engna kosta vól. Paulo var í raun þiggjandi allt sitt líf, hvort sem faðir hans rétti honum kinnhest eða skotsilfur.

Fram á sjötta áratuginn gekk Picasso flest í haginn. Ástkonur hans stofnuðu ekki til vandræða og ekkert barna hans gerði til hans kröfur.

En árið 1955 fór Francoise Gilot frá honum og hafði með sér börn þeirra, Claude og Palomu. Árið áður hafði Picasso hitt Jacqueline La Roque, sem vann í galleríi í Vallauris þar sem listamaðurinn vann að keramik.

Í tangarhaldi föður síns

Árið 1955 dó fyrsta kona Picassos, Olga, sem styrkti allt í einu stöðu Paulos. Þá var það sem Picasso fékk Paulo til að hætta við að krefjast arfs síns með því að bjóða honum reglulegar mánaðarlegar greiðslur. Paulo var þá nýskilinn við Emilienne eftir aðeins þriggja ára hjónaband og þurfti á talsverðum peningum að halda til að greiða með börnum sínum, Pablito og Marinu.

Samt gekk hann að tillögum föður síns. Eftir á að hyggja hefði það hjálpað honum að losna úr tangarhaldi föður síns að fá í hendurnar eina stóra fjárupphæð. Samt stóð

Picasso nokkurn veginn í skilum með þessar reglulegu greiðslur til Paulos.

Næst sneri Picasso sér að þeim Claude og Palomu og fékk úrskurð um að hann væri „lagalega ábyrgur“ fyrir þeim. Þetta er fremur óljóst lagalegt hugtak sem túlka má á ýmsa vegu. Þá gerði Paulo aftur vart við sig og gerði sig líklegan til að ganga á bak orða sinna, eflaust vegna peningaskorts. Hvort sem það var þess vegna eða vegna þess að hann var ekki sáttur við uppeldisáferðir þeirra Paulos og Emilienne, þá fór Picasso fram á að barnabörn hans yrðu sett í föstur „eftir ábendingu hans“.

Giftist áttæður

Héradisdómstóll í Grasse, heima-heraði Paulos, vísaði þessari kröfu frá. Árið 1961 giftist Picasso Jacqueline og var þá auglýsinga kominn

